

Chihiro Inda fiðluleikari fæddist í Tókíó 1982. Meðan hún var við tónlistarnám í heimaborg sinni hlaut hún ýmis verðlaun fyrir leik sinn; þriðju verðlaun í Novosibirsk International Competition fyrir unga fiðluleikara (1998), einnig þriðju verðlaun í Wolfgang Marchner International Competition (2002) og fyrstu verðlaun í Toshiya Eto fiðluleikarakeppninni (2004). Hún hefur stundað nám hjá Kazuki Sawa, Asako Yoshikawa, Wolfgang Marschner og tekið þátt í ýmsum námskeiðum, t.d. hjá Oleh Krysa, Hermann Krebbers, Thomas Brandis og Federico Agostini. Af einleik hennar má telja Brahms fiðlukonsertinn með Japönsku fílharmoníuhljómsveitinni í fyrra. Chihiro stundar nú nám hjá Gyorgy Pauk við The Royal Academy of Music í London og hefur hlotið ýmsa styrki til þess.

Pawel Panasiuk er fæddur í Póllandi. Eftir að hafa lokið meistaraþrófi í sellóleik frá Chopin Akadémíunni í Varsjá fór hann til framhaldsnáms að Trinity College of Music í London og lauk þaðan Postgraduate Diploma. Hann hefur tekið þátt í ýmsum námskeiðum m.a. hjá Tobias Kühne, Wanda Glowacka, Michael Strauss og Victoria Yagling. Pawel hefur haldið einleikstónleika fyrir selló og leikið með fjölda hljómsveita og kammersveita, meðal annars í Póllandi, Bretlandi og á Íslandi. Frá árinu 1999 hefur Pawel búið á Akureyri og kennir við tónlistarskólann þar, bæði sellóleik og kammer-tónlist. Hann er fyrsti sellóleikari Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og hefur leikið einleik með hljómsveitinni.

Agnieszka Malgorzata Panasiuk, fæddist í Póllandi og stundaði nám við tónlistaraka-demíuna í Gdansk og lauk þaðan meistara-prófi í píanóleik. Í Póllandi starfaði hún með ýmsum kammerhópum en kom einnig fram sem einleikari og lék m.a. píanókonsert Griegs með Olsztyn Philharmonia. Þá stundaði Agnieszka nám við The Royal Academy of Music í London og fékk þar Krein Scholarship til að nema hjá Michael Dussek og Iain Ledingham. Í Englandi lék hún með mörgum einleikurum og kammerhópum bæði á vegum skólans og ýmissa tónleika-sala, m.a. lék hún á hádegistónleikum St.Martin in the Fields, St.John's Smith Square og Senat House Bloomsbury. Í fyrra lék hún til úrslita í Delius Prize tónlistar-keppninni. Hún hefur tekið þátt í ýmsum námskeiðum, m.a. hjá Jean-Paul Sevilla, Kevin Kenner, Joseph Seiger og Alexander Pablovic. Síðan 1999 hefur Agnieszka búið og starfað á Akureyri þar sem hún kennir við tónlistarskólann og leikur með ýmsum kór-um, söngvurum og kammerhópum jafnt norðan heiða sem sunnan.

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Trio Bellarti

Chihiro Inda
fiðla
Pawel Panasiuk
selló
Agnieszka Malgorzata Panasiuk
píanó



Þriðjudaginn 29. ágúst 2006 kl. 20:30

Wolfgang Amadeus Mozart samdi *Píanótrío í C-dúr* K 548 í Vínarborg um miðjan júlí árið 1788, þremur árum áður en hann lést. Hafði hann þá nýlega lokið að semja Sinfóníu nr. 39 í Es-dúr og 11 dögum síðar er næsta Sinfónía hans, nr. 40 í g-moll, skráð. Í fyrri píanótríoum Mozarts eru strengahljóðfærin yfirleitt sem undirleikur, en í þessu tríói reynir á fiðluna og sellóið sem gegna bæði mikilvægum hlutverkum.

Píanótríóið er í þremur köflum. *Allegro* kaflinn hefst með þríhljómi sem minnir á aríu úr Don Giovanni *Non piú andrai*. Í *Andante cantabile* kaflanum má heyra fagurlega skreytt syngjandi stef sem ferðast á milli hljóðfæranna. *Allegro* kaflinn er rondo með lifandi og skemmtilegu yfirbragði þar sem sérhvert hljóðfæri hefur sitt hlutverk í samleiknum.

Jón Nordal hóf ungur nám við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann stundaði framhaldsnám hjá W. Burkhard í Zürich 1949 – 1951 og síðan nam hann í París og Róm. Hann var skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík frá 1959 til 1991 er hann lét af störfum.

Andað á sofinn streng var samið árið 1988 og er í einum hægum þætti. Yfir því er rökkurstemning í anda vögguvísu. Heitið er sótt í ljóðabók Snorra Hjartarsonar *Hauströkkrið yfir mér*. Biður skáld þess að andað sé á sofinn streng svo hljómar hans vakni.

Anton Stepanovich Arensky var rússneskt tónskáld, píanóleikari, stjórnandi og kennari og nam meðal annars hjá M. Rimski-Korsakof í St. Pétursborg. Af nemendum hans má nefna Skryabin og Rachmaninof. *Píanótrío í d-moll* samdi hann árið 1894 fyrir vin sinn, Davydov skólastjóra akademíunnar í St. Pétursborg og frábæran sellóleikara. Tríóið, sem ber þess merki að tónskáldið hafði orðið fyrir áhrifum frá Tchaikovsky, er í fjórum köflum.

Allegro moderato. Fiðla og selló skipta með sér syngjandi laglínu við skrautlegan undirleik píanós.

Scherzo. Mjög skemmtileg hoppandi og skoppandi laglína með „virtuoso“ píanó meðleik.

Elegia. Upphaf kaflans er alvarlegt sorgarlag, en miðkaflinn er mun léttari.

Finale. Hljómsterkt upphafið minnir á storminn. Síðar koma afbrigði af laglínunum sem þekkja má úr fyrsta og þriðja kafla.

Efnisskrá

Wolfgang A. Mozart
(1756 – 1791)

Píanótrío í C dúr K 548
Allegro
Andante cantabile
Allegro

Jón Nordal
(f. 1926)

Andað á sofinn streng

Anton S. Arensky
(1861 – 1906)

Píanótrío nr. 1 í d moll op.32
Allegro moderato - Adagio
Scherzo. Allegro molto
Elegia. Adagio
Finale. Allegro non troppo -
Andante - Adagio - Allegro molto